

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2002, mánudaginn 24. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundurinn var haldinn í Stöðvarstjórahusinu í Elliðaárdal og hófst kl. 12:30.

Viðstaddir voru borgarstjóri Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur Alfreð Þorsteinsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur Guðmundur Þóroddsson, aðstoðarforstjórar Ásgeir Margeirsson og Hólmsteinn Sigurðsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Jóna Gróa Sigurðardóttir, Sveinn Kristinsson, Guðjón Friðriksson Garðabæ, Gísli Gíslason bæjarstjóri Akraness, Helga Halldórsdóttir Borgarbyggð, Þórdís Embla Guðmundsdóttir Borgarfjarðarsveit, Hjörleifur B. Kvaran borgarlögmaður og Ólafur Jónsson.

1. Stjórnarformaður setti fund og stakk upp á Hjörleifi B. Kvaran, borgarlögmanni sem fundarstjóra.
2. Fundarstjóri lagði til að Ólafur Jónsson yrði fundarritari.
3. Lögð fram ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2001. Forstjóri gerði grein fyrir starfsemi Orkuveitunnar.
4. Borgarstjóri ræddi stöðu Orkuveitunnar.
5. Lögð fram tillaga um arðgreiðslur til eigenda og meðferð hagnaðar og eða taps svohljóðandi:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 24. júní 2002 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 1.300 milljónir. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2002 á vormánuðum 2003 miðað við sömu upphæð.

Samþykkt er að tap verði jafnað á móti óráðstöfuðu eiginfé.

Samþykkt.

6. Lögð fram tillaga um ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna svohljóðandi:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 24. júní 2002 heimilar fyrirframgreiðslu stjórnarlauna vegna ársins 2002. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í stjórnarlaun ársins 2003 á sama hátt fram til aðalfundar 2003. Fyrirframgreiðslur miðist við óbreytt stjórnarlaun kr. 46.838.- á mánuði. Fyrirframgreiðsla til formanns miðist við 75% álag á stjórnarlaun.

Samþykkt samhljóða.

7. Lýst kjöri stjórnar.

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 20. júní s.l. voru eftirtaldir kosnir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur:

Af R-lista: Alfreð Þorsteinsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Tryggvi Friðjónsson.

Af D-lista: Björn Bjarnason og Guðlaugur Þór Þórðarson.

Varamenn af R-lista: Stefán Jón Hafstein, Valur Sigurbergsson og Kolbeinn Óttarsson Proppé.

Varamenn af D-lista: Alda Sigurðardóttir og Þorbjörg Vigfúsdóttir.

Formaður var kjörinn Alfreð Þorsteinsson og varaformaður Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 18. þ. m. var Sveinn Kristinsson kosinn aðalmaður og Guðmundur Páll Jónsson varamaður.

8. Endurskoðandi var kosinn Deloitte & Touche.
9. Fráfarandi stjórnarmönnum var þakkað samstarf á stjórnarfundum.
10. Samþykkt að fela fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð.

Formaður stjórnar sleit fundi kl. 13:30